

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar  
Ráðhús Reykjanesbæjar  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbæ

	Reykjanesbær <b>ABG</b>
Mótt	30.01.2020
Lykill	03.06.10
Málsnr.	2020010415
Ábm.	RFG



Reykjavík, 27. janúar 2020  
Mál nr. 2001511

### Efni: Endurgreiðsluhlutfall vegna réttindasafns Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar

Á fundi stjórnar Brúar lífeyrissjóðs var lagt fram bréf tryggingastærðfræðings sjóðsins, Bjarna Guðmundssonar, dagsett 26. janúar sl., þar sem lagt er til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri í réttindasafni Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar fyrir árið 2020 verði 69%.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt tillögu tryggingastærðfræðingsins og vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði greinar 35 í samþykktum sjóðsins sem er svohljóðandi:

Sveitarfélög og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.

Endurgreiðsluhlutfall skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíman og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur.

Hjálagt er bréf tryggingastærðfræðings.

Virðingarfyllt,  
f.h. Brúar lífeyrissjóðs

Þóra Jónsdóttir  
Sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs

2020-01-26

Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri  
Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga

**Tillaga um endurgreiðsluhlutfall árið 2020 vegna réttindasafns Eftirlaunasjóðs starfsmanna Reykjanesbæjar í B-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.**

Samþykktir sjóðsins innihalda ákvæði um skyldu aðildarstofnana til endurgreiðslu á hluta lífeyris. Ákvæðið er nú svohljóðandi :

“34.3. Sveitarfélög og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.

34.4. Endurgreiðsluhlutfall skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíma og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur. Bæjarstjórn og viðkomandi stofnanir sem tryggt hafa starfsmenn í sjóðnum skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekinn hundraðshluta af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Bæjarstjórn ákveður hundraðshluta þennan til eigi skemmri tíma en til eins árs í senn að fenginni umsögn tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstrartímann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.”

Aflað var upplýsinga úr ársreikningum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Reykjanesbæjar (ESRB) frá 1985-2016 og Brúar lífeyrissjóðs árið 2017 og 2018 um greiðslu iðgjalda, lífeyris og kostnaðar. Þá fengust úr réttindabókhaldi sjóðsins upplýsingar um iðgjaldagreiðslur til aðalsjóðs ESRB frá árinu 1958. Eftir þessu upplýsingnum er nauðsynlegt endurgreiðsluhlutfall reiknað miðað við niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar aðalsjóðs sem gerð var í lok ársins 2018. Hjá Eftirlaunasjóði starfsmanna Reykjanesbæjar ná endurgreiðslur ekki til greiðslna úr B-deild sjóðsins.

Þar sem að ekki liggja fyrir upplýsingar um greiðslur lífeyris árin 1958-1984 og ekki heldur sundurliððun á lífeyrisgreiðslum í greiðslur úr aðalsjóði og B-deild voru reiknaðar mismunandi útgáfur sem gefa mörk fyrir endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins í samræmi við ákvæði samþykktu.

Varðandi skiptingu milli B-deildar og aðalsjóðs var miðað við annars vegar að allar greiðslur lífeyris hefðu verið úr aðalsjóði, sem gefur hærra hlutfall endurgreiðslu en nákvæmur útreikningur myndi gefa og svo miðað við að 3% af öllum lífeyrisgreiðslum hafi verið úr B-deild sem miðað við hlutfall greiðslna til B-deildar af öllu iðgjöldum og mismun á réttindaákvæðum má ætla að gefi heldur lægra hlutfall endurgreiðslna en nákvæmur útreikningur.

Varðandi lífeyrisgreiðslur fyrir árið 1985 var annars vegar miðað við að þær hefðu engar verið, sem gefur of lágt endurgreiðsluhlutfall og svo miðað við að hlutfall lífeyris af iðgjöldum hefði fyrir 1985 verið hið sama og var 1985, sem má ætla að gefi of hátt endurgreiðsluhlutfall lífeyris.

Verður fyrir árið 2020 lagt til að miða fyrir réttindasafn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Reykjaneshæjar við endurgreiðsluhlutfallið 69%, sem er svipað því sem gerist hjá öðrum réttindasöfnum B-deildar Brúar lífeyrissjóðs.

Virðingarfyllt,



---

Bjarni Guðmundsson